


Leiðbeiningar fyrir forráðamenn og iðkendur um innskráningu á vef Nóra.

Allir iðkendur / þátttakendur verða að vera skráðir í skráningarkerfi Nórans. Þar eru skráningar allra félaga, skráningar í flokka og hópa, ásamt uppgjöri æfingagjalda. Það hjálpar mikið að skrá nákvæmlega alla iðkendur og aðstandendur hvers iðkanda undir 18 ára aldri. Það auðveldar öll samskipti milli félags og fjölskyldu iðkanda. Þjálfarar sjá sína flokka, nöfn iðkenda, aðstandenda, ásamt símanúmerum og netföngum, en ekkert um uppgjör æfingagjalda, sú vinnsla er alfarið á skrifstofu okkar. Á heimasíðu okkar er hnappur til þess að komast inn í skráningu og greiðslu æfingagjalda : eða slá inn þessa slóð : <https://??.felog.is>

MUNIÐ : **Byrja á að samþykkja skilmála**, áður en haldið er áfram. Skráning er lokuð þar til búið er að samþykkja skilmála.



Ef notuð eru rafræn skilríki (rafrænt auðkenni eða Íslykill) þá er nóg að haka í skilmála og smella á Island.is myndina. **Það er skilyrði fyrir nýtingu frístundastyrks hjá flestum sveitarfélögum að rafræn skilríki séu notuð.**

Eftir það þarf notandi ef fyrsta innskráning að fylla út í netföng og símanúmer áður en haldið áfram. Það er mikilvægt að þessar upplýsingar séu réttar þar sem þetta eru einu upplýsingar sem leiðbeinendur þjálfarar og starfsmenn félaga hafa aðgang að komi upp þær aðstæður að ná þurfi sambandi við forráðamenn.

Nýskráning forráðamanns

Í fyrsta skipti sem vefurinn heimsóttur er fyrsta skrefið að velja NÝSKRÁNING og birtist þá þessi mynd: Skráðu kennitölu þína og smelltu svo á áfram.

Nýskráning forráðamanns			
Kennitala:	<input type="text"/>	Kyn:	KK
Nafn:	<input type="text"/>	Lykilorð:	<input type="text"/>
Heimili:	<input type="text"/>	Lykilorð aftur:	<input type="text"/>
Póstnúmer:	<input type="text"/>	Sími:	<input type="text"/>
Netfang:	<input type="text"/>	Farsími:	<input type="text"/>
Netfang aftur:	<input type="text"/>		V X P D D
Aukanetfang:	<input type="text"/>		
Er stuðningsmaður	<input checked="" type="checkbox"/>	Sláðu inn stafina fyrir ofan	<input type="text"/>
Er jafnframt iðkandi	<input checked="" type="checkbox"/>		
		Hætta við	Skrá

Fyllið út netföng og símanúmer og veljið lykilorð. Ákveða þarf hvort eigi að vera hakað við "Er stuðningsmaður" og „Er jafnframt iðkandi“. Félagakerfið er tengt við Þjóðskrá og þess vegna kemur nafn þitt sjálfkrafa inn í skráninguna, en frekari upplýsingar úr Þjóðskrá birtast ekki fyrr en búíð að er skrá og staðfesta lykilorð.

Vinsamlegast skráðu upplýsingar eins nákvæmlega og beðið er um, það auðveldar þjálfurum og skrifstofu starfið.

Er stuðningsmaður:

Ef hakað er við "Er stuðningsmaður" þá er viðkomandi kominn sjálfvirk inn á póstlista félagsins.

Ef þú ert aðeins að skrá iðkanda, en vilt ekki vera sjálf(ur) skráður félagi eða á póstlista, þá má taka hakið í burtu og hefur það engin áhrif á framhaldið.

Jafnframt iðkandi:

Með því að velja "Er jafnframt iðkandi" er hægt að sjá öll námskeið ætluð fullorðnum á vegum félagsins. Framvegis er valið „Innskráning“ þegar farið er inn í skráningarkerfið.

Yfirlitsmynd

Þegar fyrstu skráningu er lokið, þá birtist yfirlitsmyndin.

Mín Skráning Nýr iðkandi Mínir Iðkendur Útskráning				
Mínir iðkendur				
Nafn	Kennitala	Kyn	Aldur	
		KK	26 ára	Námskeið/Flokkar í boði
		KK	56 ára	Námskeið/Flokkar í boði
		KVK	56 ára	Námskeið/Flokkar í boði
		KVK	33 ára	Námskeið/Flokkar í boði

Þegar við komum inn í kerfið, þá birtist valmyndin „**Mínir iðkendur**“. Þar birtast upplýsingar um þig og þá úr fjölskyldunni sem búið er að virkja. Lengst til hægri í hverri línu er hægt að smella á **Námskeið/Flokkar í boði**. Aðeins birtast þau námskeið sem eru í boði fyrir viðkomandi aldur og kyn.

Mín skráning

Mín skráning sýnir þína persónulegu skráningu í kerfinu.

Mín Skráning			
Nafn:	<input type="text"/>	Kyn:	<input type="text"/>
Kennitala:	<input type="text"/>	Sími:	<input type="text"/>
Heimili:	<input type="text"/>	Sími2:	<input type="text"/>
Póstnúmer:	<input type="text"/>	Netfang:	<input type="text"/>
Aukanetfang:	<input type="text"/>	Netfang aftur:	<input type="text"/>
Er stuðningsmaður			<input checked="" type="checkbox"/>
Breyta Lykilorði		Til baka	Breyta

Ýtið á **breyta** til að breyta grunnupplýsingum.

Ýtið á **breyta lykilorði** til að breyta lykilorði.

Nýr iðkandi

Smelltu á **nýr iðkandi** til þess að skrá barn eða maka inn í kerfið. Í fellilistanum birtast allir sem teljast til þinnar fjölskyldu samkvæmt Þjóðskrá, maki og börn 18 ára og yngri. „Börn“ eldri en 18 ára hafa sjálfstæða skráningu inn í kerfið.

Mín Skráning	Nýr iðkandi	Mínir Iðkendur	Útskráning
Mínir iðkendur			
Nafn	Kennitala	Kyn	Aldur

Veldu nafn og smelltu á **Áfram**. Grunnupplýsingar eru úr Þjóðskrá, bæta þarf við netfangi, aukanetfangi og síma 1 & 2. Hafið netfang og símanúmer iðkandans, en hugsanlega notið aukanetfang og sími 2 fyrir forráðamann. Ýtið á **skrá** til að staðfesta skráningu. Þegar vinnslu er lokið í kerfinu, þá er ýtt á **Útskráning**

Skráning iðkanda á námskeið

Á myndinni **Mínir iðkendur** er aftast í hverri línu boðið upp á **Námskeið/Flokkar í boði**. Verið í réttri línu og smellið á krækjuna. Þá birtast öll námskeið og flokkar sem viðkomandi getur skráð sig í. Veljið námskeið eða flokk og smellið á **skráning á námskeið** aftast í línunni. Á næstu síðu er farið yfir hvernig skráning er staðfest og greitt er fyrir valið námskeið.

Greiddslumiðlun		skráð(ur) inn		
Mín Skráning	Nýr iðkandi	Mínir Iðkendur	Útskráning	
Iðkandi: Árni		son - Námskeið í boði		
Deild	Flokkur	Námskeið	Tímabil	Skráning
Handboltadeild	Framhaldsskóli 1 KK og KVK	Framhaldsskóli 1 - Inngangsgjald	22.08.2014 - 20.12.2014	Skráning á námskeið
Handboltadeild	Framhaldsskóli 1 KK og KVK	Framhaldsskóli 1 - Inngangsgjald	15.01.2014 - 15.01.2014	Fult í námskeiði
Til baka				

Staðfesting námskeiðs og greiðsla

Ákveða þarf hvort nota eigi Frístundastyrk frá sveitarfélagi. Skráið upplýsingar, ef á þarf að halda. Þessar uppl. birtast þjálfurum og skrifstofu. Greiðslumáli. Velja má að greiða með kreditkorti og greiðsluseðlum. Valið er skráning á námskeið til að fara ferli til að greiða og staðfesta skráningu.

Skráning Iðkanda á námskeið

Skráning
Staðfesting
Yfirlit

Yfirlit yfir námskeið

Iðkandi:			Upplýsingar um iðkanda og greiðanda
Forráðamaður:			
Deild/Flokkur:	GM prófun	prófun 1.9.	Upplýsingar um námskeið sem verið er að skrá á og verð, einnig frístundastyrk ef við á.
Námskeið:	Profun 07.03.2014		
Tímabil:	1.3.2014 - 30.3.2014		
Upphæð:	6.000,-		
Samtals:	6.000,-		
Einhverjar sérþarfir sem umsjónarmenn námskeiðsins þurfa að vita af, ofnæmi, greining, strokugirni o.þ.h.?			
<input type="text"/>			

Greiðslufyrirkomulag

Greiðslumáti:	Greiðsluseðill	Hér er valinn greiðslumáti eftir því sem heimilt er.
	Skipta í <input type="text"/> greiðslur	
Fjöldi greiðslna eftir því sem heimilt er		Verður að samþykkja skilmála.
<input type="checkbox"/> Samþykki skilmála Sjá skilmála		

Staðfestingarsíða

[Til baka](#)

Skráningu er lokið þegar efsti borðinn „Yfirlit“ er orðinn dökkgrár og kvittun hefur borist á skráð netfang.

Skráning Iðkanda á námskeið

Skráning
Staðfesting
Yfirlit

Lögheimili iðkanda ræður alfarið frá hvaða sveitarfélagi er óskað eftir frístundastyrk frá og kerfi sveitarfélags ákvarðar frístundastyrk.

Kerfið er tengt við fjölda sveitarfélaga en þó ekki öll.

Skilyrði að nýtingu frístundastyrks er hjá flestum sveitarfélögum að notuð séu rafræn skilríki.